

Fundargerð 48. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 7. október 2009
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9.00-11.00.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir (fundarritari), Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. **Kosning formanns.** Þóra Sigurbjörnsdóttir var endurkjörin formaður ráðsins með öllum greiddum atkvæðum.
2. **Fundargerð 47. fundar.** Fundargerð 47. fundar var yfirfarin og samþykkt.
3. **Rafrænt efni.** Tveir faghópar um rafrænt efni hafa verið að störfum síðan síðasta vetur, annar fjallar um skráningu rafræns efnis og hinn um varðveislu rafræns efnis.
Sigrún H. fjallaði um mögulegar lausnir við að finna rafrænt efni eftir að leit hefur verið takmörkuð við safn. Eins og Gegnir er uppsettur í dag finnast engar færslur við leit að efni ef engin eintök eru tengd við þær, þ.e. rafrænt efni, greinifærslur tímarita og tónlistar, þegar leit er takmörkuð við safn. Sigrún og Fanney hjá Landskerfi hafa skoðað hvernig má leysa þetta. Þau leggja til að í færslum bókarkafna og tónlist verði LKR |aUP breytt í |aANA. Það er þó ekki gerlegt að gera þetta við tímaritsgreinar því það myndi setja kerfið á hliðina. Unnið er að lausn þess að rafrænt efni finnist í leit þegar takmarkað er við safn.
Ákveðið var að hugsa þetta og fylgjast með framvindu vinnu Sigrúnar og Fanneyjar.
4. **Vinnuhópur um tónlist.** Hópurinn hefur gert drög að reglum um skráningu tónlistar og var lagt til á fundinum að skráningarráð lesi drögin fyrir næsta fund og taki fyrir á þeim fundi.
5. **Verkefni sem unnin voru í sumar.** Sigrún H., Hildur og Sveinbjörg fóru yfir þá vinnu sem unnin var í sumar. Gæðahópur Gegnis var líttilega kynntur og verkefni sumarsins eru flest samkvæmt verkefnáætlun hans.

Tölfræði Gegnis. Sigrún H. og Hildur unnu tölulegar upplýsingar úr bókfræðigrunni Gegnis en skýrsla þeirra hefur verið gefin út á þjónustuvef Landskerfis. Verkefnið var sömuleiðis kynnt á notendaráðstefnu Aleflis 8. maí s.l. og grein verður væntanlega birt í Bókasafninu árg. 34, 2010.
Tölulegar upplýsingar eru að miklum hluta unnar úr sviði 008 en einnig úr öðrum sviðum. Úttektin er óháð eintökum safna og aðallega er verið að greina magn og innihald. Gert er ráð fyrir að vinna svipaða úttekt næsta vor til að gera samanburð.

Stjórnendur safna vilja gjarnan fá upplýsingar um framlag einstakra safna í Gegni og spunnust umræður um hvort hægt væri að sækja þessar upplýsingar. Búið er að ákveða fyrsta vinnufund í síðari áfanga tölfræðiverkefnisins. Sá áfangi snýst um þetta.

Nafnmyndaskrá. Mikið var unnið við nafnmyndaskrá Gegnis í sumar en starfsmenn Landskerfis telja sig nú búna að ná tökum á virkni hennar. Hluti af vinnunni er sýnileg notendum þegar flett er í skránni.

Breyting á sviðsnúmerum. Þeirri virkni hefur nú verið bætt við að hægt er breyta sviðsnúmerum og færa heilan pakka úr sviði 693 í svið 650_4. Miðað er við að uppfæra eitt orð á dag og hefur Ragna Steinarsdóttir á Landsbókasafni umsjón með þessari vinnu.

Óréttmæt villuboð. Tekinn var skurkur í óréttmætum villuboðum, t.d. í tungumálakóða í sviði 008 þar sem kerfið vildi ekki viðurkenna færeysku, grænlenku, o.fl. tungumál.

Z39.50 færsluveiðar. Haldið hefur verið áfram við samninga um Z39.50 færsluveiðar því verið er að vinna að því að bæta Bibsys í Noregi og Danbib í Danmörku við möguleikana, þar á eftir er gert ráð fyrir að hefja samningaviðræður við þýsk söfn, en nú þegar er hægt að veiða færslur frá Library of Congress, Libris í Svíþjóð og Lindu í Finnlandi.

6. Önnur mál.

Hildur:

Rittraðir. Taka þarf á ritraðarmálum í Gegni. Leggja á niður svið 440 samkvæmt MARC21 og skráningarráð þarf að leggja línur um hvernig á að skrá rittraðir í 490 og 8xx og búa til dæmi. Fjalla þarf um rittraðir á fræðslufundi skrásetjara sem áætlað er að halda um miðjan nóvember. Hugleiða fyrir næsta fund.

Stefna um hvað er skráð í Gegni. Á skráningarráð að marka stefnu um hvað er skráð í Gegni? Rætt var um skráningu rafræns efnis og hvar mörkin liggja um það hvað ber að skrá og hvað ekki. Eins var rætt um skráningu á efni sem unnið er af Íslendingum eða fjallar um Ísland sem þó er ekki til eintak af á Íslandi, t.d. gamalt prent úr skrá Ólafs Pálmasonar. Hugleiða fyrir næsta fund.

Samræmdir titlar. Lagt er til að samræmda titlinum „Biblía” verði breytt í „Biblían”. Það stendur einnig fyrir dyrum að breyta „G.t.” í „Gamla testamentið” (sama fyrir Nýja testamentið) en samkvæmt vinnulagi RDA er reynt að útrýma skammstöfunum. Hugleiða fyrir næsta fund.

260 |b. Þegar höfundur er útgefandi hefur verið skrifað „höf.” í þetta svið. Á nú að skrifa „höfundur” eða skrifa nafn höfundar og þá með eða án hornklofa? Hér er einnig verið að fylgja verklagi RDA. Hugleiða fyrir næsta fund.

Webinar. Landsbókasafn mun greiða fyrir og sýna Webinar undir nafninu „Bibliographic Control Alphabet Soup: AACR to RDA and Evolution of

MARC” í Þjóðarbókhöllu 14. október kl. 17.00-18.30. Æskilegt er að skráningarráð mæti.

Sveinbjörg:

Samráðsfundur skráningarráðs og Aleflis. Fyrirspurn hefur borist frá Alefli – notendafélagi Gegnis um næsta samráðsfund. Ákveðið var að leggja til að halda fund 25. nóvember kl. 13. Sveinbjörg verður í sambandi með það.

Upptökur frá fræðslufundi. Umræður spunnust um upptöku á fræðslufundi skrásetjara en Sigrún H. og Telma hjá Landskerfi eru að prófa sig áfram með upptökubúnað og gera ráð fyrir að nota hann á fræðslufundinum.

Þóknun. Sveinbjörg gerði grein fyrir þóknun til meðlima skráningarráðs vegna setu í ráðinu.

Þóra:

240 |f. Landskerfi þarf að vinna að því að taka út ártal sem skráð er í þetta svið svo ekki komi upp langir listar af sömu þýðingunni.

Tímarit sem hafa mörg eintök. Nauðsynlegt er að leysa vandamál vegna tímarita sem hafa mörg eintök, og sum jafnvel greiniskráð líka, en uppsetningin eins og hún er í dag þyngir mjög kerfið. Landskerfi er að vinna í að leysa þetta mál en verið er að skoða hvort ástæða sé til að auka pláss á þjóninum og/eða hvort hægt sé að finna lausnir í gagnagrunninum.

Ákveðið var að halda næsta fund miðvikudaginn 11. nóvember kl. 9-11 en stefnt er að því að halda fundi ráðsins annan miðvikudag í hverjum mánuði kl. 9-11.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 11.